

Ed.

302. Frumvarp til laga

[74. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. febr.)

1. gr.

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í flugslysaneftnd. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún kannar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

Flugslysaneftndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmála-stjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað, ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.